

Dags eftirlits	3.12.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn V. Jónsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirliti: 1) Grænubókhaldi var ekki skilað fyrir en 18. júní 2024 og telst því frávikinu lokað. 2) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir en 23. maí 2024 og telst því frávikinu lokað. 3) Ársyfirliti var ekki skilað og er það frávik opið.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að hafa þjálfunarskráningar fyrir starfsmenn.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Matfugl að Hurðarbaki 28. nóvember 2024.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 25. febrúar 2022 og gildir til febrúar 2038.

Um er að ræða bú til framleiðsli á alifuglum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 136.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
- Áhættumat
- Lyktarstjórnun, mælingar
- Dreifing áburðar
- Áætlanir
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Í eftirlitinu var farið yfir stöðu frávikna frá síðasta eftirliti árið 2023. Í eftirlitinu var ekki sett fram neitt frávik en ein ábending var gerð er varðar aðferðir við útreikninga á losun ammóníaks frá búinu.

2. Heildarframleiðsla ársins 2023 voru 647.406 fuglar. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 136.000. Heildarfjöldi fugla þegar eftirlitið fór fram voru 64 þúsund fuglar. Rekstraraðili á að skila inn ársyfirliti samkvæmt starfsleyfinum, ársyfirlit hefur ekki borist Umhverfisstofnun og telst það því frávik. Útstreymisbókhaldi var skilað inn seint og er það því frávik, því var skilað inn 23. maí síðast liðinn og er frávikinu því lokað. Grænu bókhaldi var skilað inn seint og er það því frávik, því var skilað inn 18. júní og telst frávikinu því lokað. Rekstraraðili var minntur á að skila inn útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Við skil á grænu bókhaldi fór eitthvað úrskeiðis þar sem það vantaði síðustu blaðsíðuna með umhverfisupplýsingum eða blaðsíðu númer 6. Eftirlitsaðili fékk að sjá græna bókhaldið í heild sinni og þá voru umhverfisupplýsingarnar í eintaki hjá rekstraraðila. Umhverfisstofnun fékk eintak af græna bókhaldinu með öllum upplýsingum þann 28. nóvember. Rekstraraðila var bent á að lagfæra ártal í útstreymisbókhaldinu. Rekstraraðila er bent á að hann eigi að halda þjálfunarskráningar fyrir starfsmenn. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi en ekki vottað. Engin lyf eru notuð í búinu. Einu efnin sem notuð eru eru hreinsiefni, engin spilliefni, allt skráð í græna bókhaldið.

3. Farið var yfir áhættumat 2024 fyrir tíðni eftirlits 2025.

4. Matfugl sendi inn þann 28. nóvember 2024 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv BAT fyrir árið 2023. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2023 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,40 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Heildarlosun fosfórs sem úrgangsefni var 0,039 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24. Þessum niðurstöðum ber að skila til Umhverfisstofnunar.

Matfugl sendi einnig inn þann 28. nóvember 2024 útreikninga á losun ammóníaks skv. BAT fyrir árið 2023.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2023 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,03 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi ammóníaks í andrúmsloftið einu sinni á ári skv. BAT 25.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í stutta skoðunarferð á Hurðarbak og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni að þessu sinni. Net var fyrir hauggeymslu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr 4.3 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.
Gr 4.4 í starfsleyfi 2.gr í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst 18. júní sl. og því er frávikinu lokað.
2.gr. reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald 2023 barst 23. maí sl. og því er frávikinu lokað.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að hafa þjálfunarskráningar fyrir starfsmenn.

Reykjavík, 18.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir